

# STARFSLEYFI

[Arnarlax ehf.- Strandeldi

kt. 580310-0600]<sup>1</sup>

Til að starfrækja Land- og kvíaeldi að  
200 tonnum á Gileyri við Tálknafjörð

Heimilisfang:  
[Strandgötu 1  
465 Bildudalur]<sup>2</sup>

[Nafn rekstraraðila: Arnarlax ehf.  
Kennitala rekstraraðila: 580310-0600]<sup>3</sup>

**Útgáfudagur: 2. desember 2011      Gildir til: 2. desember 2023**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr. [61/2003]<sup>4</sup> um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við [Umhverfisstofnun]. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið [var] gefið út til 12 ára [árið 2011 og gildir til ársins 2023] en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti. Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gjaldskrá [Umhverfisstofnunar].

Reykjavík 2. október 2020

<sup>1</sup> Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða til Bæjarvík ehf. þann 11. desember 2009.

<sup>2</sup> Breyting 2020.

<sup>3</sup> Breyting 2020.

<sup>4</sup> Breyting 2020, hér áður stóð: „52/1988“.